



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 7. júní 2021  
2008062 JKH

08.60

Reykjaneshöfn  
Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri  
Víkurbraut 11  
230 Reykjanesbæ

Efni: Mögulegt samstarf hafna á Suðurnesjum.

Á fundi hafnarráðs Sandgerðishafnar þann 3.júní 2021 var til umfjöllunar minnisblað frá starfshópi fulltrúa hafnanna á Suðurnesjum varðandi mögulegt samstarf hafnanna. Á fundinum var eftirfarandi bókað um málið:

Að ósk Suðurnesjabæjar hafa fulltrúar Sandgerðishafnar, Reykjaneshafnar og Grindavíkurhafnar fjallað um mögulegt samstarf um rekstur hafna á Suðurnesjum. Starfshópur fulltrúa hafnanna hefur farið yfir málið, unnið greiningar á rekstri og fjallað um ýmsa möguleika. Með minnisblaði af fundi dags. 19. maí 2021, gerir starfshópurinn skil á verkefni sínu. Niðurstaðan er sú að ekki séu rekstrarlegar forsendur fyrir nánara samstarfi eða sameiningu hafnanna miðað við rekstur þeirra undanfarin ár. Í minnisblaðinu er því beint til kjörinna fulltrúa í hafnar-og bæjarstjórnnum sveitarfélaganna að þeir taki afstöðu til þess hvort auka eigi samvinnu eða sameiningu hafnanna á öðrum forsendum en rekstrarlegum.

*Hafnarráð Sandgerðishafnar lýsir ánægju með þá vinnu sem sem unnin hefur verið í málinu og þakkar starfshópi skipuðum fulltrúum hafnanna á Suðurnesjum fyrir þeirra framlag. Þrátt fyrir að starfshópurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu rekstrarleg rök fyrir sameiningu á rekstri hafnanna, þá telur hafnarráð að halda eigi áfram þeirri vinnu að leita leiða til að styrkja grundvöll starfsemi hafnanna með auknu samstarfi. Jafnframt verði leitað samstarfs um stefnumótun og framtíðarsýn með aukna hagnýtingu hafnanna að markmiði, þar sem m.a. verði litið til möguleika á sameiningu þeirra. Þá bendir hafnarráð á að með sameiningu hafnanna hafi þær sem heild mun meiri slagkraft og afl til að sækja fram með markaðssetningu og í samskiptum við ríkisvaldið varðandi fjárveitingar til uppbyggingar hafnanna til framtíðar.*

Bókun hafnarráðs Sandgerðishafnar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Maghús Stefánsson  
Bæjarstjóri

